



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETAHJÓNIN HEIMSÆKJA BLÁSKÓGABYGGÐ

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og frú Eliza Reed halda í opinbera heimsókn til Bláskógabyggðar föstudaginn 9. júní 2017 og stendur heimsóknin í einn dag. Þennan dag á sveitarfélagið 15 ára afmæli en það varð til við samruna þriggja sveitarfélaga á Suðurlandi. Öllum íbúum Bláskógabyggðar og fleiri gestum er boðið til móttöku í Aratungu í Reykholti síðdegis kl. 16:00.

Dagskrá heimsóknarinnar hefst við Heiðarbæ í Þingvallasveit að morgni dags en svo verður haldið í Þjóðgarðinn á Þingvöllum þar sem Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Vilhjálmur Árnason, formaður Þingvallanefndar, taka á móti gestum. Þá liggur leiðin að Laugarvatnshellum þar sem forseti skoðar aðstöðu sem þar er búið að koma upp; næst er haldið í Héraðsskólann á Laugarvatni þar sem gestir njóta leiðsagnar Halldórs Páls Halldórssonar skólameistara og því næst er komið við í Fontana lauginni.

Eftir hádegi heimsækja forsetahjónin bændur á Hjálmsstöðum, þau Ragnhildi Sævarsdóttur og Daníel Pálsson, og kynna sér kúabúskapinn þar. Í Heilsugæslunni í Laugarási taka forsetahjón þátt í dagskrá um heilbrigðismál og samfélag. Þar verður jafnframt staðfestur samningur Bláskógabyggðar og embættis landlæknis um Heilsueflandi samfélag.

Að þessu loknu halda gestirnir í Friðheima sem þekktir eru fyrir tómatarækt og veitingasölu en þar geta ferðamenn einnig séð hestasýningar. Að því loknu sækja forsetahjónin hátíðarsamkomu í Aratungu í boði Bláskógabyggðar þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá, forseti flytur hátíðarávarp og færir sveitarfélaginu gjöf.

8. júní 2017

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson
skrifstofustjóri (820 4946) og Helgi Kjartansson oddviti (898 1552).*